

Ár 2008, föstudaginn 15. ágúst, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrúnu Zoëga, Jónasi Þór Guðmundssyni og Rannveigu Sigurðardóttur.

Fyrir var tekið:

### **Að ákveða laun og starfskjör framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs**

#### **I.**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Kjararáði barst þann 21. maí 2008 afrit af bréfi fjármálaráðuneytis til umhverfisráðuneytis dagsettu 19. maí 2008. Í bréfinu segir að það sé mat fjármálaráðuneytisins að framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs falli undir 13. tölulið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 70/1996 og verði tekið mið af þeirri niðurstöðu við næstu útgáfu á lista fjármálaráðherra yfir forstöðumenn samkvæmt 2. mgr. 22. gr. laganna.

#### **II.**

Í tilefni af væntanlegri ákvörðun kjararáðs um launakjör framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs var fjármálaráðuneyti, umhverfisráðuneyti og framkvæmdastjóranum, með bréfum dagsettum 23. maí 2008, gefinn kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við ráðið.

Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 5. júní 2008.

Í bréfi framkvæmdastjórans dagsettu 9. júní 2008 segir að Vatnajökulspjóðgarður sé stærsti þjóðgarður í Evrópu og nái yfir um 12.000 km<sup>2</sup> landsvæði. Fyrsti áfangi í uppbyggingu þjóðgarðsins, bæði hvað varði framkvæmdir og stigvaxandi aukningu í rekstri verði fyrstu 5 árin, eða frá 2008 til og með árinu 2012, en það sé ráðningartímabil framkvæmdastjórans. Miklar líkur séu á að strax frá og með næsta ári muni ný landsvæði koma inn í þjóðgarðinn og ekki ólíklegt að ætla að í lok ársins 2012 muni þjóðgarðurinn ná yfir um 13-14.000 km<sup>2</sup> eða um 13% af landinu. Fjárhagslegt umfang sé nokkuð mikið. Áætlaður rekstrar- og kostnaður ársins 2008 sé um 175 milljónir króna, fastir starfsmenn séu um 10 og sumarstarfsfólk um 40 en það starfi fyrst og fremst við landvörslu. Framkvæmdakostnaður á árinu 2008 sé áætlaður alls um 160 milljónir króna. Á árinu 2009 megi áætla að rekstrar- og framkvæmdakostnaður verði alls rúmar 500 milljónir króna. Föstum starfsmönnum og sumarstarfsmönnum muni einnig fjölga. Þá segir í bréfinu að innan örfárra ára megi áætla að rekstrarumfang þjóðgarðsins hafi tvöfaldast og verði yfir 300 milljónir króna fyrir utan framkvæmdakostnað, sem alls sé áætlað að verði á annan milljarð króna þegar fyrsta fimm ára tímabilinu ljúki í lok árs 2012.

Í bréfi umhverfisráðuneytisins dagsettu 1. júlí 2008 segir að starf framkvæmdastjóra Vatnajökulspjóðgarðs sé nýtt, en þjóðgarðurinn hafi verið formlega stofnaður þann 7. júní sl. Um sé að ræða stærsta þjóðgarð í Evrópu, sem nái yfir um 12.000 km<sup>2</sup> landsvæði. Hann muni í fyrstu ná til alls þjóðgarðsins í Skaftafelli svo og þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum auk nánast alls jökulsins og nokkurra helstu áhrifasvæða hans. Auk þess muni stjórn Vatnajökulspjóðgarðs taka að sér í umboði Umhverfisstofnunar rekstur nokkurra friðlýstra svæða sem reiknað sé með að verði hluti þjóðgarðsins í framtíðinni, svo sem Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss og nágrenni í Öxarfjarðarhreppi, Herðubreiðarfríðland, Askja, Hvannalindir, Lónsöræfi og Kringilsárrani. Stefnt sé að því að í lok árs 2012 nái

Þjóðgarðurinn yfir 13-14.000 km<sup>2</sup> svæði. Stöðu framkvæmdastjóra fylgi mikil fjármálaleg umsýsla, eftirlit með framkvæmdum við uppbyggingu þjónustunets þjóðgarðsins og mannhald. Rekstrarkostnaður sé áætlaður um 175 milljónir króna í ár auk 160 milljóna króna framkvæmdakostnaðar. Fastir starfsmenn séu tíu og sumarstarfsmenn fjörutíu, flestir landverðir. Áætlanir geri ráð fyrir að innan fárra ára verði rekstarumfang orðið rúmlega 300 milljónir króna á ári, en framkvæmdakostnaður verði á annan milljarð alls á fyrsta fimm ára tímabilinu. Starfi framkvæmdastjórans muni fylgja ferðalög. Garðurinn skiptist í fjögur rekstrarsvæði og muni meginstarfsstöðvar vera á sex stöðum. Bréfi ráðuneytisins fylgdi afrit af skipunarbréfi framkvæmdastjórans sem gefið er út af stjórn þjóðgarðsins.

### III.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð er Vatnajökulsþjóðgarður ríkisstofnun og fer umhverfisráðherra með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn. Með stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri þjóðgarðsins fer sérstök stjórn skipuð til fjögurra ára af umhverfisráðherra. Í stjórn sitja sjö fulltrúar: formenn allra svæðisráða þjóðgarðsins, einn fulltrúi tilnefndur af umhverfisverndarsamtökum og formaður og varaformaður eru skipaðir af ráðherra án tilnefningar. Í 5. gr. segir að stjórninni sé heimilt að ráða sér framkvæmdastjóra eða gera samning við aðra opinbera stofnun eða fyrirtæki um að annast daglegan rekstur og umsýslu stjórnar. Í 6. gr. laganna er fjallað um hlutverk stjórnar. Þar segir að stjórnin hafi umsjón með náttúruvernd í Vatnajökulsþjóðgarði. Helstu verkefni stjórnar eru stefnumótun í málefnum þjóðgarðsins, yfirstjórn með gerð tillögu að verndaráætlun og reglugerðar fyrir þjóðgarðinn, gerð fjárhagsáætlunar um rekstur þjóðgarðsins, ráðstöfun fjár til rekstrarsvæða og samþykkt rekstraráætlunar hvers svæðis, samræming á starfsemi rekstrarsvæða þjóðgarðsins, eftirlit með framkvæmd reglna þjóðgarðsins og verndaráætlunar, samstarf við stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila um málefni þjóðgarðsins. Í lögnum segir einnig að þjóðgarðurinn skuli skiptast í fjögur rekstrarsvæði sem rekin skulu sem sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarða. Á hverju rekstrarsvæði skal starfa svæðisráð skipað af umhverfisráðherra til fjögurra ára í senn. Á hverju þeirra skal starfa þjóðgarðsvörður sem ráðinn er af stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs samkvæmt tillögu viðkomandi svæðisráðs. Á þeim rekstrarsvæðum þar sem eru tvær meginstarfsstöðvar þjóðgarðsins er heimilt að ráða tvo þjóðgarðsverði. Þjóðgarðsvörður annast daglegan rekstur og stjórn viðkomandi rekstrarsvæðis í umboði stjórnar. Hann ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn. Þjóðgarðsvörður ræður annað starfsfólk. Umhverfisstofnun veitir aðstoð og faglega ráðgjöf við verkefni stjórnar og svæðisráða samkvæmt sérstökum samningi. Stjórn skal gera tillögu til ráðherra að verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun. Í lögnum er nánar fjallað um verkefni stjórnar, svæðisráða og þjóðgarðsvarða, en ekki er sérstaklega fjallað um framkvæmdastjóra umfram það sem segir í 5. gr. laganna, þ.e. að stjórn þjóðgarðsins sé heimilt að ráða framkvæmdastjóra eða semja við aðra opinbera stofnun eða fyrirtæki um að annast daglegan rekstur og umsýslu stjórnar. Sett hefur verið reglugerð nr. 608/2008 um Vatnajökulsþjóðgarð á grundvelli laganna.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana

kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Vatnajökulsþjóðgarður er ný ríkisstofnun. Framkvæmdastjórinn er ráðinn af stjórn á grundvelli heimildarákvæðis í lögnum til að annast daglegan rekstur og umsýslu stjórnar, en ekki er að öðru leyti fjallað um verksvið hans eða ábyrgð. Hann ræður ekki starfsfólk og þjóðgarðsverðir bera ábyrgð gagnvart stjórn á fjárreiðum og reikningshaldi, hver á sínu svæði.

Kjararáð hefur með hliðsjón af framansögðu ákveðið að laun og önnur starfskjör framkvæmdastjórans skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 15. mars 2008 skulu mánaðarlaun framkvæmdastjóra Vatnajökulsþjóðgarðs vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 128, nú 520.116 krónur.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör framkvæmdastjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Guðrún Zoëga

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Rannveig Sigurðardóttir